

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 12. ágúst 2014 á Kjóavöllum.

## 12. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Brynja Viðarsdóttir, Kristín Njálisdótti, Hermann Vilmundarson, Hannes Hjartarson og Sigurður Halldórsson. Lárus Finnbogason boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu þeirra verkefna sem hann hefur unnið að undanfarið. Lagði m.a. fram tillögur að uppsetningu auglýsingaskilta inn í sal reiðhallarinnar. Áætlað að hefja sem fyrst vinnu við að selja fyrirtækjum pláss í salnum fyrir auglýsingar. Þá þarf að ganga frá merkingu reiðhallarinnar að utan.  
Einnig rætt um aðkomu hmf. Sprettis að tónleikum Justin Timberlake í Kórnum 24. ágúst nk. Mikil vinna hefur átt sér stað á vegum bæjarfélagsins við bílastæði og fleira í nágrenninu, m.a. við hliðina á reiðhöllinni. Skipuleggjendur tónleikanna hafa bæði verið í sambandi við framkvæmdastjóra Sprettis og formann félagsins vegna skipulags og afnot af félagssvæði Sprettis vegna bílastæða. Gengið verður frá því að loka fyrir alla umferð inn í hesthúsagötunna á svæðinu.
3. Umræða um stöðu fjármála félagsins frestað til næsta fundar.
4. Formaður greindi frá boðun á Landsþing LH sem verður haldið á Selfossi dagana 17. og 18. október nk. Hmf. Sprettur á 13 þingfulltrúa.
5. Umsókn hmf. Sprettis um Landsmót 2018 og Íslandsmót 2015. LH hefur auglýst eftir umsóknum um Landsmótsstað 2018. Stjórn hefur þegar ákveðið að sækja beri um og mun undirbúa slíka umsókn í samráði og samstarfi við bæjarfélögin Garðabæ og Kópavogsbæ. Haldinn verður fundur með bæjarstjórum bæjarfélaganna vegna þessa. Þá hefur einnig verið ákveðið að sækja um Íslandsmótið 2015.
6. Svæðið í kring og næstu skref. Markavegur hefur nú þegar verið malbikaður og hefur Kópavogsbær einnig unnið að gerð bílastæða eins og getið er um hér áður. Þá er vinna við frágang í kringum reiðhöllina í gangi.
7. Keppnisvellir – framkvæmd og frágangur. Stefnt er að því að klára alla vinnu við syðri völlu fyrir haustið.
8. Metamót – staða og aðkoma stjórnar. Umræða um stöðu mála og aðkomu stjórnar gagnvart undirbúningi fyrir mótið. Mótið verður haldið dagana 5.-7. september nk. og þarf að vinna í því að fá fleira fólk til aðstoðar á mótinu sjálfu. Mótið hefur nú þegar verið auglýst á vefmiðlum hestamanna.

9. Félagsheimilið á Hattarvöllum. Fasteignasalan Hraunhamar hefur nú þegar auglýst félagsheimilið til sölu og einnig hefur verið greint frá því á heimasíðu Sprettis.
10. Nefndir félagsins – Vinna hafin við að ganga frá mönnun nefnda fyrir veturinn og stefnt að því að skipuleggja uppskeruhátið nefnda í okt./nóv.
11. Önnur mál.
  - Umræða um undirbúning fyrir stefnumótunarvinnu stjórnar og fyrir félagsfund sem haldinn verður í haust.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:15

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir